

Reglur um meðferð sjúkraskráupplýsinga og heimildir til að veita aðgang og/eða afhenda slíkar upplýsingar

1. gr.

Reglur þessar taka til meðferðar sjúkraskráupplýsinga, sem eru í vörslu Heilbrigðisstofnunar Vesturlands (HVE) svo og heimildar til að veita aðgang og/eða afhenda slíkar upplýsingar. Undir aðgang og/eða afhendingu upplýsinga í skilningi þessara reglna getur fallið hvers kyns hagnýting sjúkraskráupplýsinga, sem eru í vörslu stofnunar, t.d. vegna vísindarannsókna o.þ.h. Með hugtakinu sjúkraskráupplýsingar er átt við lýsingu eða túlkun í rituðu máli, myndir, þ.m.t. röntgenmyndir, línurit og mynd- og hljóðupptökur sem innihalda upplýsingar er varða heilsufar sjúklings og meðferð hans hjá heilbrigðisstarfsmanni eða heilbrigðisstofnun og aðrar nauðsynlegar persónuupplýsingar (3. grein laga nr. 55/2009). Með hugtakinu heilbrigðisstarfsmaður í reglum þessum er átt við starfsmann HVE.

2. gr.

Heilbrigðisstofnun Vesturlands (HVE) ber ábyrgð á meðferð sjúkraskráa og afhendingu sjúkraskráupplýsinga, sem eru í vörslu stofnunar. Ákvörðun um hagnýtingu slíkra upplýsinga verður einungis tekin af stofnun og/eða þeim heilbrigðisstarfsmanni sem stofnunin hefur sérstaklega falið slíkt ákvörðunarvald.

3. gr.

Heilbrigðisstarfsmaður skal gæta ákvæða laga og reglugerða, eins og þau eru á hverjum tíma, við færslu, skráningu, varðveislu svo og meðferð upplýsinga úr sjúkraskrá og afhendingu þeirra.

Heilbrigðisstarfsmaður skal gæta fyllstu varúðar við meðferð sjúkraskráupplýsinga og ber að hafa í huga að þær hafa að geyma viðkvæmar persónuupplýsingar sem eru trúnaðarmál. Sjá 4 og 14. grein laga nr. 55/2009.

4. gr.

Framkvæmdastjóri lækninga er yfirlæknir HVE og ber ábyrgð á læknisfræðilegum efnunum í samræmi við fyrirmæli laga og reglna. Á grundvelli stjórnskipulags, starfslýsingar og fyrirmæla reglugerðar, hefur framkvæmdastjóri lækninga verið falin umsjón og ábyrgð á vörslu sjúkraskráa og heilsufarsupplýsinga sem vistaðar eru innan HVE. Framkvæmdastjóri lækninga tekur endanlega ákvörðun um að veita heimild til aðgangs að sjúkraskrá og/eða afhendingu sjúkraskráupplýsinga, þ.m.t. vegna vísindarannsókna. Framkvæmdastjóri lækninga getur framselt heimild til að veita aðgang að sjúkraskrá og/eða afhenda heilsufarsupplýsingar, enda sé það gert skriflega. Rísi ágreiningur um aðgang starfsmanna HVE eða nema í heilbrigðisgreinum að sjúkraskrá er heimilt að vísa málinu til framkvæmdastjóra lækninga og framkvæmdastjóra hjúkrunar, ef um hjúkrunarfræðirannsóknir er að ræða. Framkvæmdastjóri lækninga og yfirlæknaritari á hverri starfsstöð veita upplýsingar og leiðbeiningar um framangreind efni og getur heilbrigðisstarfsmaður leitað til þeirra um allt er þessi málefni varðar. Skyld er heilbrigðisstarfsmanni að leita upplýsinga og leiðbeininga um öll þau atriði sem óvissa eða ágreiningur kann að ríkja um.

5. gr.

Yfirlæknir á starfsstöð/deild ber ábyrgð á vörslu og meðferð sjúkraskráa og heilsufarsupplýsinga meðan sjúklingur er þar til meðferðar. Um ábyrgð á meðferð sjúkraskráa og heilsufarsupplýsinga sjúklings, frá því tímamarki sem meðferð lýkur, fer skv. fyrirmælum 4. gr.

6. gr.

Heilbrigðisstarfsmanni er óheimilt að veita aðgang að sjúkraskrá eða afhenda heilsufarsupplýsingar nema fyrir liggja heimild framkvæmdastjóra lækninga eða yfirlæknis á viðkomandi heilsugæslustöð.

Einnig er heilbrigðisstarfsmanni óheimilt, nema fyrir liggja skrifleg heimild framkvæmdastjóra lækninga, (sjá að ofan 4. gr. 2. mgr.) að veita aðgang að sjúkraskrá eða afhenda heilsufarsupplýsingar í tengslum við vísindarannsóknir, enda sé það í hana skráð. Rannsakendum er ekki veittur aðgangur að rafrænni sjúkraskrá á HVE.

Í hvert sinn sem sjúkraskrá er afrituð skal það í hana skráð. Mælt er til þess að faxtæki (símbréf) séu **ekki notuð** til sendinga á sjúkraskrárgögnum eða öðrum viðkvæmum gögnum, nema í undantekningartilvikum, enda sé þá þannig frá málinu gengið að upplýsingar komist ekki í hendur óviðkomandi aðila. Ekki er þó gerð athugasemd við að tölulegar rannsóknarniðurstöður, hjartalínurit og aðrar slíkar upplýsingar sem læknar einir geta túlkað, séu sendar í símbréfi, ef af því telst veruleg hagræðing. (Sbr. dreifibréf Landlæknis nr. 9/96).

Ekki er leyfilegt að senda afrit af sjúkraskrá með tölvupósti. A.ö.l. vísast í verklýsingu HVE um afhendingu sjúkraskráupplýsinga.

7. gr.

HVE er heimilt að innheimta gjald skv. sérstakri gjaldskrá sem nemur kostnaði vegna afhendingar og/eða aðgangs upplýsinga.

Tilvísun: Lög um sjúkraskrá nr. 55/2009

Ábyrgðarmaður skjals: Þórir Bergmundsson, framkvæmdastjóri lækninga á HVE

Gefið út 11. september 2007.

Endurskoðað og breytt 22. febrúar 2010

Endurskoðað og breytt í október 2012.

Samþykkt á fundi framkvæmdastjórnar HVE 7. nóv. 2012